




Samstarfsyfirlýsing


Sveitarfélögin Kópavogur, Hafnarfjörður og Garðabær hafa samþykkt samstarf með þátttöku lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vegna mála er varða heimilisofbeldi. Um nánari útfærslu er vísað til minnisblaðs verkefnahóps innan barnaverndar Hafnarfjarðar og Kópavogs sem og verklagshandbók sameiginlegrar bakvaktar sveitarfélaganna þriggja.


Verkefnið hefst 15. maí 2015 og er gert ráð fyrir að það standi í ár og verður árangur metinn að því loknu. Árangursmatið hefst þegar 6 mánuðir eru liðnir af samningstímanum.


Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær og embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu munu vinna saman að þessu verkefni í samráði við hagsmunasamtök og aðra sem geta lagt verkefninu lið.

Kópavogur, 15. maí 2015


Sigríður Björk Guðjónsdóttir,
lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins


Haraldur L. Haraldsson
bæjarstjóri Hafnarfjarðar


Ármann Kr. Ólafsson,
bæjarstjóri Kópavogs


Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri Garðabæjar